

---

## Breyting á verklagi vegna brottfalls laga um Heyrnar- og talmeinstöð

---

From Hrafnhildur Ýr Erlendsdóttir <hrafnhildur.erlendsdottir@hrn.is>

Date Thu 2026-03-05 11:08

Tilvísun í mál: HRN25080153

Heilbrigðisráðuneytið vekur athygli á að Alþingi hefur samþykkt frumvarp sem fellir brott lög um Heyrnar- og talmeinstöð sem felur í sér að Heyrnar- og talmeinstöð verður lögð niður, lögin taka gildi 1. maí nk., <https://www.althingi.is/altext/157/s/0310.html>

Heyrnar- og talmeinstöð hefur um árabíl tekið að sér að panta raddverndandi búnað sem tengist heyrnartækjum barna beint fyrir sveitarfélög og eftir tilvikum sett hann upp í grunnskólum landsins þar sem heyrnarskert börn stunda nám. Rétt er að taka fram að sveitarfélögin hafa greitt fyrir búnaðinn.

Öll heilbrigðisþjónusta sem Heyrnar- og talmeinstöð hefur veitt verður eftir 1. maí nk., veitt á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins mun ekki taka við fyrrgreindu hlutverki Heyrnar- og talmeinstöðvar að útvega búnað fyrir sveitarfélög. Sveitarfélög munu því þurfa að leita annarra leiða til verða sér úti um búnað fyrir heyrnarskert börn í sínum grunnskólum.

Ef frekari upplýsinga er óskað, þá má hafa samband við Hildi Heimisdóttur, kennsluráðgjafa: [hildur.heimisdottir@hti.is](mailto:hildur.heimisdottir@hti.is)

Kveðja,



**Hrafnhildur Ýr Erlendsdóttir sérfræðingur / Special Advisor**

Heilbrigðisráðuneyti / Ministry of Health

Skúlagata 4, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8700

[www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

## Ársskýrsla stjórnar Umf. Þjótanda árið 2025

Aðalfundur Þjótanda var haldinn í Þingborg 24. febrúar 2025. Á fundinum var Skólahreystishópur Flóaskóla valinn íþróttafólk Umf Þjótanda og Fanney Ólafsdóttir var kjörinn „Félagi ársins“.

Eftirfarandi voru kosnir í stjórn:

Guðmunda Bríet Steindórsdóttir formaður

Harpa Magnúsdóttir gjaldkeri

Sveinn Orri Einarsson ritari

Örvar Rafn Hlíðdal og Hanna Dóra Höskuldsdóttir í varastjórn

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og Oddný Ása Ingjaltdóttir í ritnefnd

Bryndís Eva Óskarsdóttir formaður íþróttanefndar

Freyja Kristín Guðjónsdóttir formaður skemmtinefndar

Aðrir í skemmtinefnd eru Hanna Dóra Höskuldsdóttir og Guðmunda Bríet Steindórsdóttir

Í Einbúanefnd er Einar Magnússon.

Starfsemi Þjótanda var nokkuð viðamikil á árinu. Félagið hélt úti íþróttastarfi fyrir börn og ungmenni og stóð fyrir ýmsum heilsueflandi viðburðum og félagsstarfi. Þjótandaæfingar fyrir allan grunnskólaaldur voru vikulega yfir vetrarmánuðina og er mikill meirihluti nemenda í Flóaskóla sem tekur þátt í þeim. Þjálfarar voru Örvar Rafn Hlíðdal, Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Hanna Dóra Höskuldsdóttir. Leikjanámskeið var í júní með um 40 þátttakendum, þá voru sumaræfingar fyrir krakka og leikjakvöld fyrir unglínga vikulega í sumar og var mjög góð þátttaka. Félagið sendi keppendur á HSK mótin í frjálsum íþróttum bæði innan- og utanhúss og nokkrir keppendur tóku þátt í Meistaramótum Íslands og fleiri mótum. Við héldum fjölmennt páskaþingó í apríl sem skemmtinefndin sá um. Flóahlaupið fór fram í apríl við Félagslund. Um 62 manns tóku þátt, flestir af höfuðborgarsvæðinu eins og vant er. Víðavangshlaupið var haldið á Þjórsárþökkum á sumardaginn fyrsta. Þátttaka var mjög góð enda veðrið frábært, 72 keppendur á öllum aldri. Fjör í Flóa var haldið í maí og var Þjótandi með fjölmenna kökuskreytingakeppni fyrir krakka, hjólarallý, pylsusölu og andlitsmálingu. Fjölmargir unglíngar störfuðu fyrir félagið á Fjöri í Flóa og stóðu sig frábærlega.

Við héldum upp á 17. júní við Einbúa ásamt Flóahreppi og kvenfélögum Hraungerðis- og Villingaholtshrepps. Þar var Þjótandi með fótboltamót, skólahreystibraut og reiptog og heppnaðist dagurinn mjög vel.

Ungmennafélagsreiðtúrinn var farinn 22. júlí. Þar mættu 56 knapar á 65 hrossum og að auki mætti góður hópur fylgdarfolks. Riðið var í rjómablíðu frá Lyngholti, upp Ásavegin, gegnum Þingdal, aftur niður á Villingaholtsveg og svo var endað aftur í Lyngholti þar sem ungmennafélagið bauð upp á grillaðar pylsur. Jón Valgeir Geirsson, Lyngholti, var fararstjóri í ár.

Fjölskyldur úr Þjótanda mættu vel á unglingslandsmótið á Egilsstöðum og áttu þar góða helgi saman við leik og keppni.

Flóamótið fór fram 5. september og var að þessu sinni haldið í tengslum við Fjölskyldudag Flóaskóla. Heppnaðist dagurinn mjög vel. Boðið var upp á nýjung á mótinu þar sem foreldrum og kennurum var boðið að taka þátt í 60 metra hlaupi, þátttaka var mjög góð og keppnin skemmtileg.

Meistaramót Þjótanda í skák fór fram í nóvember í fjórða sinn. 14 keppendur mættu á mótið sem eru fleiri en í fyrra. Mótsstjóri var Ágúst Valgarð Ólafsson. Þjótandi fagnaði 10 ára afmæli sínu á árinu og var haldið upp á það með því að bjóða félagsfólki í Skauta- og pizzuveislu í Egilshöll. Rúmlega 100 manns mættu til að fagna þessum áfanga og var dagurinn í alla staði vel heppnaður. Einnig var blásið til ritunarsamkeppni og fjárfest var í Þjótanda fána í tilefni afmælisins. Skötuveislan var fjölmenn á Þorláksmessu, um 180 manns mættu í Þingborg og gæddu sér á skötu. Jólasveinþjónustan okkar var svo á sínum stað á Þorláksmessu og aðfangadag og er alltaf vinsæl.

Stjórnin fundaði 8 sinnum á árinu og er þess á milli í miklum samskiptum gegnum netið. Ritnefndin gaf út 12 tölublöð af Áveitunni, sem er á netinu, en auðvelt er að gerast netáskrifandi eða kaupa áskrift á pappír.

Á árinu fékk félagið nokkrar góðar gjafir frá velunnurum félagsins og er ómetanlegt að finna slíkan stuðning frá nærsamfélaginu. Félagið heldur nokkra fjáröflunarviðburði yfir árið og einnig erum við með samstarfssamning í gildi við Flóahrepp. Allar íþróttæfingar Þjótanda og flestir viðburðir eru gjaldfrjálssir fyrir þátttakendur og markmiðið er að halda því þannig áfram. Það ætti að ganga upp meðan viljinn til að leggja fram sjálfboðavinna er til staðar.

Stjórn Þjótanda þakkar öllum sem hafa á árinu tekið þátt í starfi félagsins með einum eða öðrum hætti og sérstaklega þeim sem styrkt hafa félagið með sjálfboðavinna, fjármunum eða öðrum gjöfum. Þá sendum við góðar þakkir til stjórnenda Flóaskóla fyrir mikið og gott samstarf.

Áfram Þjótandi!

Guðmunda Bríet Steindórsdóttir

## Skýrsla íþróttanefndar

UMF. Þjótandi stóð fyrir æfingum einu sinni í viku fyrir iðkendur í 2.-10. bekk eins og síðustu ár. Skipt var í þrjá æfingahópa. Örvar Rafn Hlíðdal þjálfaði yngsta hópinn, þ.e. 2.-4. bekk á föstudögum á skólatíma og var mætingin góð. Þau fengu akstur fram og til baka í Flóaskóla og svo heim með skólabílum. Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Hanna Dóra Höskuldsdóttir þjálfu hina hópana á miðvikudögum. Nemendur í 5.-7. bekk fá akstur í Þingborg en foreldrar sækja svo og er mætingin góð. Mætingin mætti vera betri hjá nemendum í 8.-10. bekk, þau láta foreldra keyra og sækja, hefur það áhrif á mæting krakkana, einnig sum þeirra upptekin í öðru á þessum tíma. Engar glímuæfingar voru þennan veturinn

Yfir sumarið voru líka æfingakvöld. Þá eitt kvöld í Þjórsárveri fyrir krakka 1.-6. bekkjar að vori, þjálfarar Guðmunda og Hanna Dóra. Einnig eitt kvöld fyrir krakka sem hafa lokið 7. bekk og eldri sem Guðmunda og Hanna Dóra sáu einnig um. Þær æfingar voru ýmist í Einbúa eða við félagsheimilin.

Leikjanámskeið var haldið í sumar fyrir 1.-6. bekk og vel sótt að vanda. Námskeiðið var ein vika að þessu sinni og fór að mestu fram á íþróttasvæði við Flóaskóla. Kennarar Örvar Rafn Hlíðdal og Unnur Bjarkadóttir.

Við áttum keppendur á öllum mótum í frjálsum á vegum HSK, einnig hafa keppendur verið á mæta á Meistaramót Íslands og önnur mót. Við áttum líka keppendur á glímumótunum.

Flóamótið var haldið 5. september og var liður í dagskrá á fjölskyldudegi Flóaskóla. Þátttaka var mjög góð og fengu foreldra að taka 60m sprettinn á hlaupabrautinni, skemmtileg viðbót við mótið. Í heild var mótið mjög vel heppnað. Foreldrar og starfsmenn skólans hjálpuðu við framkvæmd og fengu allir ís eftir keppni.

Víðavangshlaupið haldið að venju á sumardaginn fyrsta, hlaupið meðfram bökkum Þjórsár. Keppendur voru 72 og veður gott en vindasamt. Lukkaðist vel í alla staði. Sigurvegari í karlaflokki var Kristófer Máni Andrason og í kvennaflokki Karólína Þórbergsdóttir.

Flóahlaupið var haldið í 47. sinnið þann 12. apríl við Félagslund. Veðrið var í kaldara lagi og norðanvindur bles um hlaupara. Mættu 99 hlaupara á öllum aldri til leiks. Kaffiveitingar í boði eftir hlaup og verðlaunaafhendingar. Heppnaðist vel og ber að þakka styrktaraðilum og sjálfboðaliðum fyrir sinn hlut að gera hlaupið að veruleika.

Að lokum við ég þakka fyrir samstarfið á síðasta ári- og öll árin sem ég hef starfað með félaginu. Þakka fyrir íþróttastarf í heild sinni sem er svo mikilvægt fyrir alla! Ég vil að lokum gefa frá mér keflið sem formaður íþróttanefndar, finn að það er komin tími til að hleypa að sprækum einstaklingum til þess að taka við því. Ég verð samt alltaf tilbúin til að hlaupa undir bagga fyrir félagið ef þarf. Við megum vera stolt af okkar ungmennafélagi sem hefur fyllt sinn fyrsta tug, og óska ég því bjartrar framtíðar. Áfram Þjótandi!

Bryndís Eva Óskarsdóttir,  
formaður íþróttanefndar Þjótanda

## Skýrsla ritnefndar

Í ritnefnd Áveitunnar 2025 sátu áfram þær Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og Oddný Ása Ingjaldsdóttir.

Áveitan er gefin út á þrjá mismunandi vegu:

Hún er gefin út á stafrænu formi á heimasíðu Flóahrepps og Facebook síðu Umf Þjótanda.

Hægt er gerast rafrænn áskrifandi og fá Áveituna senda í tölvupósti við hver mánaðarmót.

Einnig er hægt að gerast áskrifandi af ljósritaðri útgáfu blaðsins og fá sent í pósti um hver mánaðarmót.

Árið 2025 voru gefin út 12 tölublöð og er útgáfudagur er 1. hvers mánaðar.

Í Áveitunni birtist fjölbreytt efni, til dæmis fréttir, auglýsingar og úrslit móta frá Umf Þjótanda, efni frá Flóahreppi og Flóaskóla, fréttir frá ýmsum félagasamtökum í sveitarfélaginu. Þar eru auglýstir alls kyns viðburðir og fundir og margt fleira. Ritstjórn hvetur sveitunga til að nýta sér Áveituna, bæði til að auglýsa viðburði eða þjónustu en þar er einnig hægt að birta fróðleik og skemmtiefni.

Takk fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og

Oddný Ása Ingjaldsdóttir

## Skýrsla Skemmtinefndar

Skemmtinefnd fyrir árið 2025 var skipuð eftirfarandi

Freyja Kristín Guðjónsdóttir, formaður

Hanna Dóra Höskuldsdóttir

Guðmunda Bríet Steindórsdóttir

Að auki var vaskur hópur ungmenna sem aðstoðaði á viðburðum félagsins eins og hefð er fyrir.

Skemmtinefnd stóð fyrir páskabingó 10. Apríl í Þingborg og var það mjög vel sótt og fór glæsileg fram. Bingóið var í góðu samstarfi við 10. bekk í Flóaskóla sem var með sjoppu á staðnum.

Skemmtinefnd sá einnig um andlitsmálningu á Fjöri í Flóa og á 17. Júní hátíðarhöldum í Einbúa. Það gekk vonum frammar og voru börn glæsilega skreytt í framan, foreldrum sínum til mikillar gleði.

Eins og vant er höfðu jólasveinarnir samband við nefndina í desember og vantaði aðstoð við útkeyrslu á pökkum á Þorláksmessu og aðfangadag. Að sjálfsögðu aðstoðuðum við jólasveinana eins og vant er.

Takk fyrir samstarfið á síðasta ári.

Freyja Kristín Guðjónsdóttir, formaður

## **Félagi ársins 2025**

Stjórn Umf Þjótanda hefur ákveðið að veita Kristínu Stefánsdóttur frá Hurðarbaki nafnbótina Félagi ársins fyrir árið 2025.

Kristín hefur frá unga aldri tekið virkan og öflugan þátt í starfi ungmennafélaga. Fyrst með Ungmennafélaginu Samhygð og síðar með Ungmennafélaginu Vöku. Síðustu ár hefur Ungmennafélagið Þjótandi verið svo lánsamt að njóta liðsinnis hennar.

Kristín hefur í gegnum tíðina verið einstaklega liðleg við að aðstoða ungmennafélaga við fjölbreytt verkefni. Þar má meðal annars nefna að græja og gera við jólasveinabúninga, baka og útbúa veitingar fyrir fjölmörg tilefni hjá félaginu, lána búninga og muni fyrir leikrit og svo mætti lengi telja. Kristín hefur í stutt við Skötuveislur Þjótanda í áraraðir með því að gefa félaginu kynstrin öll af hamsatölg að bjóða upp á með skötunni.

Kristín er einnig góð fyrirmynd þegar kemur að hreyfingu og heilbrigðu líferni. Við viljum þakka Kristínu kærlega fyrir ómetanlegt framlag til félagsins og teljum hana vera vel að því komin að vera félagi ársins 2025.

Innilega til hamingju

## **Íþróttamaður ársins 2025**

Helgi Reynisson er íþróttamaður Umf Þjótanda árið 2025.

Helgi æfir frjálssar íþróttir á Selfossi en hefur alltaf keppt fyrir hönd Umf Þjótanda. Hann er fjölhæfur, metnaðarfullur og jákvæður íþróttamaður sem leggur sig ávallt fram hvort sem það er á æfingu eða í keppni. Sterkasta greinin hans Helga er stangarstökk en árið 2025 stökk hann 3.85 metra og þar með bætti hann sig um 62 cm frá árinu 2024. Nú í byrjun árs rauf hann svo langþráðan fjögurra metra múr þegar hann stökk 4.10 metra á Unglingameistaramóti Íslands innanhúss. Þrátt fyrir að stangarstökk sé sterkasta grein Helga í frjálsum íþróttum þá er hann líka sterkur í öðrum greinum og hefur til dæmis keppt í fimmtarþraut sem sýnir fjölhæfni hans sem íþróttamann.

Við óskum Helga innilega til hamingju með þennan verðskuldaða árangur og óskum honum alls hins besta áfram, hann á svo sannarlega framtíðina fyrir sér.

---

## Ársfundur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands 2026

---

From HSU@HSU.IS <hsu@hsu.is>


Date Tue 2026-03-03 13:40

Kæri viðtakandi,

Ykkur er boðið til ársfundar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, sem fram fer á Hótel Selfossi, fimmtudaginn 28. maí.

Það væri okkur mikil ánægja ef þú sæir þér fært að mæta, líta yfir árangur síðasta árs og horfa fram á veginn með okkur.

# ÁRSFUNDUR



## HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

HÓTEL SELFOSS

FIMMTUDAGINN 28. MAÍ 2026

KLUKKAN 14-16

## ÖLL VELKOMIN

Kveðja,



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

**Heilbrigðisstofnun Suðurlands**

Sími: 432 2000

Árvegi, Selfoss

[www.hsu.is](http://www.hsu.is)

Fyrirvari

---

## Áskorun frá Siglingasambandi Íslands

---

From Siglingasamband Íslands <sil@silsport.is>

Date Tue 2026-03-03 15:00

To postur@seltjarnarnes.is <postur@seltjarnarnes.is>; mos@mos.is <mos@mos.is>; oddviti@kjos.is <oddviti@kjos.is>; grindavik@grindavik.is <grindavik@grindavik.is>; skrifstofa@vogar.is <skrifstofa@vogar.is>; afgangsla@sudurnesjabaer.is <afgangsla@sudurnesjabaer.is>; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is <hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is>; borgarbyggd@borgarbyggd.is <borgarbyggd@borgarbyggd.is>; grundarfjordur@grundarfjordur.is <grundarfjordur@grundarfjordur.is>; eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is <eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is>; snb@snb.is <snb@snb.is>; dalir@dalir.is <dalir@dalir.is>; bolungarvik@bolungarvik.is <bolungarvik@bolungarvik.is>; sveitarstjori@reykholar.is <sveitarstjori@reykholar.is>; vesturbyggd@vesturbyggd.is <vesturbyggd@vesturbyggd.is>; sudavik@sudavik.is <sudavik@sudavik.is>; arneshreppur@arneshreppur.is <arneshreppur@arneshreppur.is>; drangsnæs@drangsnæs.is <drangsnæs@drangsnæs.is>; strandabyggd@strandabyggd.is <strandabyggd@strandabyggd.is>; skrifstofa@hunathing.is <skrifstofa@hunathing.is>

 1 attachment (82 KB)

Askorun til sveitastjórna.pdf;

Góðan dag

Á nýafstöðnu Siglingaþingi Siglingasambands Íslands var viðhangandi ályktum um verndun og aðgengi að strandlengju Íslands samþykkt einróma.

Fyrir hönd Siglingasambands Íslands  
Úlfur H. Hróbjartsson  
Framkvæmdastjóri.



**Úlfur H. Hróbjartsson**

*Framkvæmdastjóri/Managing Director*

Siglingasamband Íslands / Icelandic  
Sailing Association

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Engjavegi 6

104 Reykjavík

+354 898 4969 (mobile)

[sil@silsport.is](mailto:sil@silsport.is)



Reykjavík 21. Febrúar 2026

### Áskorun til sveitastjórna.

53. Siglingaþing SÍL haldið 21. Febrúar 2026 skorar á sveitafélög landsins að leggja aukna og markvissa áherslu á vernd og góða umgengni um strandlengju landsins, tryggja aðgengi almennings að sjónum til útivistar og jafnframt huga sérstaklega að stuðningi við íþróttafélög og starfsemi sem byggir á nýtingu sjávar og strandar.

Strandlengjan er ein dýrmætasta náttúruauðlind margra sveitarfélaga. Hún gegnir mikilvægu hlutverki hvað varðar lýðheilsu, útivist, ferðapjónustu, náttúruvernd og lífsgæði íbúa. Aðgengi að sjó og strönd er ekki sjálfsagt. Til að tryggja slíkt þarf meðvitaða stefnumótun, skipulag og vernd.

Við skorum á sveitarfélög landsins að:

- tryggja í skipulagi að almenningur hafi raunhæft og öruggt aðgengi að strandlengju og sjó til útivistar;
- gæta sérstaklega að því að uppbygging, lóðaskipting og mannvirkjagerð takmarki ekki aðgengi að ströndinni;
- tryggja þeirri starfsemi sem ljóst er að skerðist vegna yfirstandandi/fyrirhugaðra framkvæmda á landsvísu nýja aðstöðu.
- huga að góðri umhirðu strandlengju, hreinsun, stígum, merkingum og aðstöðu fyrir almenning auk þess að tryggja að skólp renni ekki út í fjörur og
- móta skýra stefnu um vernd strandlengjunnar sem sameiginlegrar auðlindar íbúa.

Jafnframt viljum við vekja athygli á mikilvægi þess að sveitarfélög styðji markvisst við íþróttafélög og aðra starfsemi sem nýtir sjó og strönd. Siglingar, róður, kajak, brimbretti og sjósund efla lýðheilsu, færni og auka tengsl fólks við náttúruna.

Slík starfsemi:

- eykur öryggi og þekkingu íbúa á náttúrunni, ekki síst barna og ungmenna;
- stuðlar að heilsuefningu og virkri útivist;
- styrkir tengsl samfélagsins við sjóinn sem hluta af menningu og sögu staðarins og
- skapar jákvæða ímynd sveitarfélagsins og eykur aðdráttarafl jafnt fyrir íbúa og gesti.

Við hvetjum sveitarstjórnir til að tryggja félögum sem stunda sjótengda starfsemi viðunandi aðstöðu, aðgang að sjó, aðstöðu til geymslu búnaðar og gera ráð fyrir starfsemi þeirra í skipulagi.



Flóahreppi 12. mars 2026

Fjarskiptastofa  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík

### Efni: Áskorun um úrbætur á farsímasambandi í Flóahreppi

Sveitarfélagið Flóahreppur vill með bréfi þessu beina formlegri áskorun til Fjarskiptastofu um að bregðast tafarlaust við ófullnægjandi 4G og 5G farsímasambandi á tilteknum svæðum í Flóahreppi. Um er að ræða svæði þar sem samband er óstöðugt, lítið merki eða merki hverfur með reglulegu millibili.

Þó að útbreiðslukort farsímasambands á vef Fjarskiptastofu sýni að samanlagt dreifikerfi þjónustuaðila nái yfir nær öll svæði innan Flóahrepps þá er raunveruleikinn annar. Íbúar, atvinnurekendur og eigendur frísundahúsa finna fyrir óstöðugu og slæmu sambandi á vissum svæðum.

Dæmi um þau svæði sem helst verður vart við óstöðug og veikt 4G og 5G samband:

- Merkurhraun og Merkurlaut við Skeiða- og Hrunamannaveg
- Svæði við Urriðafossvæg, Önundarholtsveg, Villingahotlsveg og Hamarsveg

Samkvæmt 2. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022 er markmið laganna m.a. eftirfarandi:

- Tryggja aðgengileg, greið, hagkvæm, skilvirk og örugg fjarskipti hér á landi.
- Stuðla að því eins og unnt er að öllum landsmönnum og fyrirtækjum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu og háhraðanetum, þ.m.t. föstum og þráðlausum netum.

Samkvæmt 4. gr. laganna hefur Fjarskiptastofa umsjón með fjarskiptum og eftirlit með framkvæmd laganna.

### Sveitarfélagið óskar eftir eftirfarandi aðgerðum af ykkar hálfu:

1. Frekari greining á stöðu farsímasambands á svæðinu
2. Framkvæmdaáætlun um úrbætur
3. Samræð og gagnsæi við sveitarfélagið og íbúa þess

Með von um góð viðbrögð við erindi þessu.

Fyrir hönd Flóahrepps,  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
[hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is)



Flóahreppi 12. mars 2026

Nova hf.  
Lágmúla 9  
108 Reykjavík

#### Efni: Áskorun um úrbætur á farsímasambandi í Flóahreppi

Sveitarfélagið Flóahreppur vill með bréfi þessu beina formlegri áskorun til Nova um að bregðast tafarlaust við ófullnægjandi 4G og 5G farsímasambandi á tilteknum svæðum í Flóahreppi. Um er að ræða svæði þar sem samband er óstöðugt, lítið merki eða merki hverfur með reglulegu millibili.

Þó að útbreiðslukort farsímasambands á vef Fjarskiptastofu sýni að samanlagt dreifikerfi þjónustuaðila nái yfir nær öll svæði innan Flóahrepps þá er raunveruleikinn annar. Íbúar, atvinnurekendur og eigendur frísundahúsa finna fyrir óstöðugu og slæmu sambandi á vissum svæðum.

Dæmi um þau svæði sem helst verður vart við óstöðug og veikt 4G og 5G samband:

- Merkurhraun og Merkurlaut við Skeiða- og Hrunamannaveg
- Svæði við Urriðafossvæg, Önundarholtsveg, Villingahotlsveg og Hamarsveg

Samkvæmt 2. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022 er markmið laganna m.a. eftirfarandi:

- Tryggja aðgengileg, greið, hagkvæm, skilvirk og örugg fjarskipti hér á landi.
- Stuðla að því eins og unnt er að öllum landsmönnum og fyrirtækjum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu og háhraðanetum, þ.m.t. föstum og þráðlausum netum.

Samkvæmt 4. gr. laganna hefur Fjarskiptastofa umsjón með fjarskiptum og eftirlit með framkvæmd laganna.

#### Sveitarfélagið óskar eftir eftirfarandi aðgerðum af ykkar hálfu:

1. Frekari greining á stöðu farsímasambands á svæðinu
2. Framkvæmdaáætlun um úrbætur
3. Samræð og gagnsæi við sveitarfélagið og íbúa þess

Með von um góð viðbrögð við erindi þessu.

Fyrir hönd Flóahrepps,  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
[hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is)



Flóahreppi 12. mars 2026

Síminn  
Ármúla 25  
108 Reykjavík

#### Efni: Áskorun um úrbætur á farsímasambandi í Flóahreppi

Sveitarfélagið Flóahreppur vill með bréfi þessu beina formlegri áskorun til Símans um að bregðast tafarlaust við ófullnægjandi 4G og 5G farsímasambandi á tilteknum svæðum í Flóahreppi.

Um er að ræða svæði þar sem samband er óstöðugt, lítið merki eða merki hverfur með reglulegu millibili.

Þó að útbreiðslukort farsímasambands á vef Fjarskiptastofu sýni að samanlagt dreifikerfi þjónustuaðila nái yfir nær öll svæði innan Flóahrepps þá er raunveruleikinn annar. Íbúar, atvinnurekendur og eigendur frísundahúsa finna fyrir óstöðugu og slæmu sambandi á vissum svæðum.

Dæmi um þau svæði sem helst verður vart við óstöðug og veikt 4G og 5G samband:

- Merkurhraun og Merkurlaut við Skeiða- og Hrunamannaveg
- Svæði við Urriðafossvæg, Öndarholtsveg, Villingahotlsveg og Hamarsveg

Samkvæmt 2. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022 er markmið laganna m.a. eftirfarandi:

- Tryggja aðgengileg, greið, hagkvæm, skilvirk og örugg fjarskipti hér á landi.
- Stuðla að því eins og unnt er að öllum landsmönnum og fyrirtækjum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu og háhraðanetum, þ.m.t. föstum og þráðlausum netum.

Samkvæmt 4. gr. laganna hefur Fjarskiptastofa umsjón með fjarskiptum og eftirlit með framkvæmd laganna.

#### Sveitarfélagið óskar eftir eftirfarandi aðgerðum af ykkar hálfu:

1. Frekari greining á stöðu farsímasambands á svæðinu
2. Framkvæmdaáætlun um úrbætur
3. Samræð og gagnsæi við sveitarfélagið og íbúa þess

Með von um góð viðbrögð við erindi þessu.

Fyrir hönd Flóahrepps,  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
[hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is)



Flóahreppi 12. mars 2026

Sýn hf.

Suðurlandsbraut 8

108 Reykjavík

**Efni: Áskorun um úrbætur á farsímasambandi í Flóahreppi**

Sveitarfélagið Flóahreppur vill með bréfi þessu beina formlegri áskorun til Sýn um að bregðast tafarlaust við ófullnægjandi 4G og 5G farsímasambandi á tilteknum svæðum í Flóahreppi.

Um er að ræða svæði þar sem samband er óstöðugt, lítið merki eða merki hverfur með reglulegu millibili.

Þó að útbreiðslukort farsímasambands á vef Fjarskiptastofu sýni að samanlagt dreifikerfi þjónustuaðila nái yfir nær öll svæði innan Flóahrepps þá er raunveruleikinn annar. Íbúar, atvinnurekendur og eigendur frísundahúsa finna fyrir óstöðugu og slæmu sambandi á vissum svæðum.

Dæmi um þau svæði sem helst verður vart við óstöðug og veikt 4G og 5G samband:

- Merkurhraun og Merkurlaut við Skeiða- og Hrunamannaveg
- Svæði við Urriðafossvæg, Önundarholtsveg, Villingahotlsveg og Hamarsveg

Samkvæmt 2. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022 er markmið laganna m.a. eftirfarandi:

- Tryggja aðgengileg, greið, hagkvæm, skilvirk og örugg fjarskipti hér á landi.
- Stuðla að því eins og unnt er að öllum landsmönnum og fyrirtækjum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu og háhraðanetum, þ.m.t. föstum og þráðlausum netum.

Samkvæmt 4. gr. laganna hefur Fjarskiptastofa umsjón með fjarskiptum og eftirlit með framkvæmd laganna.

**Sveitarfélagið óskar eftir eftirfarandi aðgerðum af ykkar hálfu:**

1. Frekari greining á stöðu farsímasambands á svæðinu
2. Framkvæmdaáætlun um úrbætur
3. Samræð og gagnsæi við sveitarfélagið og íbúa þess

Með von um góð viðbrögð við erindi þessu.

Fyrir hönd Flóahrepps,

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

[hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is)

Björn Skúlason setur Stóra plokkgaginn 26. apríl

From Stóri Plokkgagurinn verður 27. apríl 2025 <plokk@plokk.is>  
via mailchimpapp.net  
Date Sun 2026-03-08 13:47  
To Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>

Undirbúningur fyrir Stóra Plokkgaginn er löngu hafinn. Plokkað um allt land sunnudaginn 26. apríl næst komandi. Myndir tók Munnil Lú og nánari upplýsingar veitir Einar Bárðars 618.9000



**STÓRI PLOKK DAGURINN**  
#PLOKK

## STÓRI PLOKKDAGURINN VERÐUR SUNNUDAGINN 26. APRÍL NK.

Fyrsti Stóri plokkgagurinn var haldinn árið 2018 og síðan hefur þessi háttíðisdagur umhverfis og snyrtimennsku vaxið ár frá ári. Í Facebook-samfélaginu Plokk á Íslandi eru þúsundir þátttakenda sem deila þar reynslu sinni og árangri af baráttunni við rustaskrimslið.

Sveitarfélög, fyrirtæki, félagsamtök og einstaklingar um allt land eru hvött til að taka þátt í deginum með því að skipuleggja plokka eða hvetja starfsfólk, íbúa og samfélög sín til þátttöku.

Þeir sem hyggjast skipuleggja plokka viðburði í tengslum við daginn eru hvattir til að senda upplýsingar á [plokk@plokk.is](mailto:plokk@plokk.is) svo hægt sé að birta hann í sameiginlegri dagskrá dagsins. Einnig er hægt að stofna viðburði á samfélagsmiðlum og tengja þá við „Stóra plokkgaginn“ og Plokk á Íslandi.

Rótárhreyfingin á Íslandi skipuleggur Stóra plokkgaginn með aðstoð og atfyllgi Landsvirkjunnar og Ráðuneyti umhverfismála. Markmið dagsins er að skapa vettvang fyrir alla sem vilja skipuleggja hreinsunaráttak á þessum degi, eða eftir atvikum öðrum degi á svipuðum tíma.

Öllum sem skipuleggja viðburði í tengslum við daginn er heimilt að nota merki Stóra plokkgagsins og myndefni tengt honum til kynningar á verkefnum tengdum plokki og umhverfishreinsun. Hægt er að nálgast merki dagsins [hér](#) að neðan og nota það sér að kostnaðarlausu.

Sveitarfélög landsins auglýsa sína viðburði og veita upplýsingar um hvernig standa skuli að frágangi, flokkum eða urðun þess sem safnast í plokkinu á hverjum stað fyrir sig.



Keppendur og aðstandendur Ungfrú Ísland létu sitt ekki eftir liggja í fyrri.



### Tilkynning – Stóri plokkgagurinn 2026


Stóri plokkgagurinn 2026 verður haldinn um allt land sunnudaginn 26. apríl næstkomandi. Dagurinn er sameiginlegt átak fólks, fyrirtækja, félagsamtaka og sveitarfélaga til að hreinsa nærumhverfi sitt og vekja athygli á mikilvægi umhverfisverndar og snyrtimennsku.

Björn Skúlason, forsetamaki, mun setja Stóra plokkgaginn formlega kl. 10:30 en Björn steig inn fyrir Forsetan í fyrri þegar hún þurfti að vera við jarðaför páfans í Róm. Birni tóks eintaklega vel upp og er orðin einn af plokkurum landsins í framhaldi. Staðsetning opunarplokksins verður kynnt síðar.



Allir mega stofna viðburði á Stóra Plokkgaginn á samfélagsmiðlum, tengja þá við Plokk á Íslandi, fá merkingar frá Plokk á Íslandi.

Sveitarfélög landsins auglýsa sína viðburði og hvernig hægt er að bera sig að með frágang, flokkum eða urðun á hverjum stað fyrir sig.





#### HVERNIG SKIPULEGG ÉG PLOKK VIÐBURÐ?

Ef við fylgjum þessu leiðbeiningum þá eiga allir að finna sig vel í þessu þrátt fyrir að hafa aldrei gert þetta áður. Öll hvatning og miðun á samfélagsmiðlum er ekki mont heldur þvert á móti hvatning til annarra að láta sitt ekki eftir liggja.

#### HVERNIG?

- Velur svæði sem þú vilt elska. Stofnar viðburð í eigin nafni og skýrir hann "PLOKK-eitthvað" deilir honum inn á Plokk á Íslandi á Facebook til að lokka til þín fleiri plokka. Deildu viðburðinum á bæjar síðuna þína eða hverfa síðuna eða hvoru tveggja. Muna að taka myndir á viðburðinum og vera dugleg að deila á samfélagsmiðla og merkja #plokk #plokk2024
- Þau ykkar sem eruð dugleg á Instagram og Facebook getið farið í valmynd og farið í GIF og skrifað PLOKK þá koma upp GIF merki fyrir Stóra plokkgagninn sem gaman er að setja inn á myndirnar um leið og við merkjum með myllumerkjunum.

#### HVAD ÞARF ÉG?

- Glæra plastpoka - best er að hafa tvo poka, setja plastið í einn og allt annað í hinn.
- Snæri eða bensli til að loka plastpokunum svo ekkert fjúki úr þeim þegar húð er að fylla þá.
- Plokktangir eru ágætir, ekki nauðsynlegir. Því ódýrari, því betri, segi ég af reynslu. Því þær sem eru dýrari eru efnismeiri og þá þyngri.

#### HVERNIG ERUM VIÐ ÚTBÚN:

You can [update your preferences](#) or [unsubscribe from this list](#).

• Klæðum okkur eftir aðstæðum. Hanskar eru ákjósanlegir. Öryggisvesti eru ákjósanleg en skilda ef við erum að plokka meðfram vegum eða við götur.

#### HVERNIG VELJUM VIÐ STAÐ?

- Það er ekki ákjósanlegt að vera í kringum stór umferðarmannvirki eins og meðfram Reykjanesbrautinni og stóru umferðaræðumum í borginni nema fólk sé sérstaklega útbúið m.a. í endurskinsvestum osfrv. Og þetta eru ekki staðir fyrir börn.
- Í kringum þjónustukjarna er alltaf mikið plast og umbóðarúsl. Þjónustukjarnarnir eru þar sem dagvöruverðslanir, skyndibítastaðir, kaffihús, bensínstöðvar og ísbúðir er að finna. Það er iðulega mikið rusl sem fylkur frá ruslatunnum og ruslagámum við þessi svæði.
- Þá eru öruggustu svæðin líklega svæði í kringum ífróttavelli, skólalóðir og opin svæði. Girðingar í kringum þau taka oft drjúgt til sín.
- En við plokkuðum allstaðar þar sem þarf að plokka

#### FRÁGANGUR Á PLOKKI

- Bindum vel fyrir pokana og skorðum þá þannig að ekki fjúki upp úr þeim og þeir fjúki ekki sjálfir.
- Föllum með á þjónustustöðvar Sorpu eða annað þar sem þið vitið að tekið er á móti plokki, hvort sem það er skipulagt af Rótary, sveitarfélaginu ykkar eða af öðrum flöttum einstaklingum eða hópum.

#### HVERS GET ÉG VÆNST AF SVEITARFÉLAGINU MÍNU?

- Sveitarfélög geta oft leiðbeint með svæði þar sem gott væri að plokka.
- Sveitarfélög hafa oft getað skaffað glæra poka og jafnvel plokktangir.
- Ef þú ert að skipuleggja stórt plokkverkefni hafa sveitarfélög oft komið með opna gáma til að setja plokkíð í. Þar sem því er ekki komið við hafa sveitarfélög oft sótt afrakstur til plokka hvort heldur sem það eru 3 eða 30 poka.



Höfundarréttur © 2025 Plokk / Rótary hreyfingin á Íslandi / Allur réttur áskilinn

Want to change how you receive these emails?

---

Samráðsgátt - Umsögn móttækin í máli nr. 51/2026: Drög að frumvarpi til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati

---

From no-reply@island.is <no-reply@island.is>

Date Fri 2026-03-06 11:14

To Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>

Ágæti viðtakandi.

Umsögn þín um mál nr. 51/2026, „Drög að frumvarpi til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati“, hefur verið móttækin.

Að umsagnarfresti liðnum verður unnið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem berast og niðurstöður samráðsins birtar í gáttinni. Hér er hægt er að gerast áskrifandi að málinu og fá tilkynningu þegar niðurstöður hafa verið birtar.

[Smelltu hér til að skoða málið nánar.](#)

Kærar þakkir fyrir þátttökuna.

## 10 - Flóahreppur

Flóahreppurs lýsir ánægju yfir því að loks skuli vera lögð fram drög að frumvarpi um afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati, enda eru fasteignagjöld lögbundinn

tekjustofn sveitarfélaga.

Flóahreppur lýsir yfir ánægju með að áformað sé að fasteignaskattur geti dreifst á milli fleiri en eins sveitarfélags.

Sem aðili að Samtökum orkusveitarfélaga þá tekur Flóahreppur heilshugar undir innsenda umsögn og helstu áherslur Samtaka orkusveitarfélaga vegna frumvarpsins.

# SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

Innviðaráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík 2. mars 2026

2602001SO BG  
Málalýkill:50.22

## Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati – Mál S-51/2026

Í umræddum drögum kemur fram að leggja eigi til breytingar á ýmsum lögum vegna innleiðingar rýmiseigna og afnáms gildandi undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati.

Afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati hefur verið eitt helsta baráttumál Samtaka orkusveitarfélaga frá stofnun þeirra árið 2011. Það er því mikið fagnaðarefni að sjá drög að frumvarpi vera komin í samráðsgátt. Stjórn samtakanna vona að með samtakamætti ráðuneytisins og Alþingis verði hægt að samþykkja frumvarpið til laga á yfirstandandi þingi og líkur þá 15 ára baráttu samtakanna fyrir réttlæti gagnvart nærsamfélagi orkumannvirkja sem og 10 ára meðferð í stjórnkerfinu, þ.e. frá stofnun fyrsta starfshópsins 2016.

Samtök orkusveitarfélaga leggja áherslu á að fasteignaskatttekjur af orkumannvirkjum endurspegli þau fjölþættu áhrif sem slík mannvirki hafa á nærsamfélag. Orkusveitarfélög bera umtalsverða ábyrgð vegna orkumannvirkja auk þess sem þau takast á við samfélagsleg og umhverfisleg áhrif sem fylgja orkuvinnslu til lengri tíma. Tekjur af nýtingu auðlinda verða því að skila sér með raunhæfum hætti til þeirra samfélaga sem verða fyrir áhrifum líkt og á sér stað almennt með atvinnuhúsnæði.

Nærsamfélag orkuvinnslu á ekki og getur ekki fórnað náttúru og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslu.

### Helstu áherslur

Stjórn Samtakanna leggur höfuðáherslu á eftirfarandi atriði:

- Að skattprósenta verði 0,7%
- Sveitarfélög verði ekki fyrir neikvæðum fjárhagslegum áhrifum
- Stóriðja verði felld úr frumvarpinu
- Hvalrekaákvæði hafi ekki neikvæð fjárhagsleg áhrif

Stjórn samtakanna telur einnig mikilvægt að breyta eftirfarandi ákvæðum.

- Sveitarfélög innheimti fasteignaskatta af orkumannvirkjum
- Að hvalrekaákvæðið verði felld úr frumvarpinu
- Að 5% þröskuldur verði afnumin
- Fjárhagslegt mat verði framkvæmt
- Lögbundið endurmat á innleiðingu rýmiseigna

## **I. Skattprósenta verði 0,7%**

Samtök orkusveitarfélaga telja mikilvægt að löggjafinn kveði skýrt á um álagningarhlutfall fasteignaskatts á orkumannvirki og heimildir sveitarfélaga til álagningar. Fasteignaskattur á orkumannvirki á að vera 0,7% en sveitarfélögum sé veitt heimild til að hafa hann lægri innan ákveðins svigrúms út frá staðbundnum aðstæðum, umfangi áhrifa og þeirri ábyrgð og kostnaði sem orkusveitarfélög bera vegna orkuvinnslu og tengdra innviða. Þ.e. að sveitarfélög hafi svigrúm líkt og er með c-flokk fasteignaskatts um atvinnuhúsnæði. Í Noregi er fasteignaskattur á orkumannvirki 0,7% og ekki verður séð af hverju sá skattur ætti að vera lægri hér á landi.

Stjórn samtakanna getur sýnt því skilning að, með hliðsjón af mögulegum áhrifum á verðlag og verðbólgu, verði skattlagningin innleidd í þrepum á tilteknu tímabili. Slík þrepaskipt innleiðing getur dregið úr skyndilegum áhrifum á vísitölur og fjármögnunarkostnað, án þess að dregið sé úr meginmarkmiði frumvarpsins um réttláta og fyrirsjáanlega skattlagningu og tekjur til orkusveitarfélaga til lengri tíma. Mikilvægt er þá að sú þrepaskipting komi skýrt fram í lögum, ná ekki yfir lengra tímabil en 7 ár og að 0,7% sé endamarkið.

## **II. Sveitarfélög verði ekki fyrir neikvæðum fjárhagslegum áhrifum**

Orkusveitarfélög leggja ríka áherslu á að breytingarnar verði útfærðar þannig að ekkert sveitarfélag verði með lægri tekjur en það hafði fyrir gildistöku, enda er markmið frumvarpsins að leiðrétta undanþágu og bæta jafnræði í skattlagningu, en ekki að færa tekjur frá sveitarfélögum eða veikja fjárhagslega stöðu þeirra. Þetta á sérstaklega við þar sem breytingar á fasteignamati og álagningargrundvelli, t.d. vegna stöðvarhúsa, geta leitt til tilfærslna.

## **III. Stóriðja verði felld úr frumvarpinu**

Stóriðjuákvæði frumvarpsins eiga að falla brott þar sem þau eru óvænt viðbót á lokametrinum sem hefur hvorki verið hluti af nær áratugs undirbúnings- og samráðsferli málsins né sætt sambærilegri greiningu á áhrifum á tekjustofna sveitarfélaga og jöfnunarkerfið. Með því að láta hvalrekaákvæði ná til stóriðju er frumvarpið jafnframt víkkað út frá aðalefni sínu, afnámi undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati, með þeim afleiðingum að umræðan, forsendur og áhrifamat verða óljósari og hætta eykst á ófyrirséðum og ósanngjörnum tekjutilfærslum. Slík viðamikil breyting á sjálfstæðum tekjustofnum sveitarfélaga á að byggjast á sérstöku, gagnsæju ferli með fullu samráði og heildstæðu áhrifamati, en ekki vera sett inn í frumvarp sem var unnið á öðrum forsendum.

## **IV. Hvalrekaákvæði hafi ekki neikvæð fjárhagsleg áhrif**

Ef hvalrekaákvæðið verður látið standa er brýnt að útfærsla þess tryggi að þakið hafi ekki neikvæð fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög, hvorki eitt og sér né í samspili við reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það felur í sér að skerðingarmörk, reiknireglur og endurdreifing þurfa að vera gagnsæ og byggð

á heildstæðu, rekjanlegu áhrifamati sem sýnir áhrifin niður á hvert sveitarfélag, þar á meðal áhrif á framlög úr Jöfnunarsjóði. Sérstaklega þarf að koma í veg fyrir að samanlögð áhrif þaksins og jöfnunarkerfisins leiði til “tvöfaldrar skerðingar”, tekjusveiflna eða ófyrirsjáanleika sem rýrir fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga og skapar neikvæða hvata til uppbyggingar.

Ef hvalrekaákvæðið verður lögfest er jafnframt mikilvægt að það taki mið af því að sveitarfélög hafa, ekki síst eftir sameiningar, oft orðið landmikil og fjölbreytt og geta innan sama sveitarfélags verið mörg ólík orkumannvirki á mismunandi áhrifsvæðum. Því er nauðsynlegt að skíra betur í lagatextanum hvort hvalrekaákvæðið sé reiknað á hvert og eitt orkumannvirki eða hvort það sé reiknað á öllu orkumannvirki í sveitarfélaginu. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef áform um að láta ákvæðið einnig ná til stóriðju verða látin standa, þar sem þá myndi hvalrekaákvæðið ekki aðeins taka til orkumannvirkja heldur einnig til stórra atvinnumannvirkja, svo sem álvera, gagnavera og fiskeldis.

#### **Sveitarfélög innheimti fasteignaskatta af orkumannvirkjum**

Orkusveitarfélög leggja áherslu á að álagning og innheimta fasteignaskatts vegna orkumannvirkja verði, eftir atvikum, í höndum sveitarfélaga með sambærilegum hætti og gildir um aðrar rýmiseignir. Þegar orkumannvirki sem er rýmiseign nær yfir sveitarfélagamörk er eðlilegt og hagkvæmt að byggja á sama fyrirkomulagi, þ.e. að leiðandi sveitarfélag annist álagningu og innheimtu fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem eiga hlut að máli, með skýrum reglum um uppgjör og tekjuskiptingu. Með því er tryggður fyrirsjáanleiki, skýr ábyrgð og samræmi í framkvæmd, auk þess sem það samrýmist meginreglunni um að fasteignaskattur sé tekjustofn sveitarfélaga og að innheimta þeirra eigin skatta sé ekki færð frá sveitarstjórnarstiginu nema brýnar og skýrar ástæður standi til.

#### **V. Að hvalrekaákvæðið verði fellt úr frumvarpinu**

Samtök orkusveitarfélaga telja að hvalrekaákvæðið eigi að falla á brott. Fasteignaskattur er sjálfstæður tekjustofn sveitarfélaga og á að endurspeglar þau raunverulegu áhrif og þá ábyrgð sem orkuvinnsla og orkumannvirki hafa á orkusveitarfélög óháð íbúafjölda, m.a. varðandi skipulag, innviði og þjónustu. Með hvalrekaákvæði er tekin upp sértæk þaksetning á þessum tekjum sem getur leitt til ófyrirséðrar tekjuskerðingar, rýrt fyrirsjáanleika og skapað neikvæða hvata gagnvart orkuuppbyggingu og sátt í nærsamfélögum, einkum þegar samspil við Jöfnunarsjóð er skoðað. Hafa þarf í huga að nú þegar er Jöfnunarsjóður að taka tillit til þess þegar sveitarfélög fá mikla fasteignaskatta og því óþarfi að núverandi frumvarp skerði sveitarfélög aftur.

#### **VI. Að 5% þröskuldur verði afnumin**

Orkusveitarfélög gera athugasemdir við að í reiknilíkani með frumvarpinu sé gert ráð fyrir því að sveitarfélag fái ekki hlutdeild í fasteignaskatti nema það hafi a.m.k. 5% af áhrifsvæði viðkomandi orkumannvirkis. Slík þröskuldaregla er ekki studd í lagatextanum, dregur úr gagnsæi og getur leitt til þess að sveitarfélög sem verða sannanlega fyrir áhrifum af mannvirkjum fái engan hlut í tekjunum,

Þvert gegn markmiðum um sanngjarna og fyrirsjáanlega tekjuskiptingu. Orkusveitarfélög telja að þessi viðmiðun eigi að falla á brott og að tekjuskipting taki mið af raunverulegu hlutfalli áhrifasvæðis, óháð stærð. Ekki verður séð að framkvæmd eða útreikningar verði marktækt flóknari við það að úthluta tekjum í samræmi við hlutföll, enda liggja áhrifasvæði og prósentuhlutföll fyrir í sama gagnagrunni og reiknilíkanið byggir á.

#### **VII. Fjárhagslegt mat verði framkvæmt**

Orkusveitarfélög leggja ríka áherslu á að þegar endanleg niðurstaða liggur fyrir um fjárhagslega þætti frumvarpsins, þar á meðal skattprósentu, skerðingarmörk og aðrar fjárhæðir sem tengjast hvalrekaákvæðinu, verði unnið heildstætt, gagnsætt og rekjanlegt áhrifamat niður á hvert sveitarfélag. Slíkt mat þarf annars vegar að sýna bein áhrif á tekjur sveitarfélaga af skattlagningu orkumannvirkja, og hins vegar að taka sérstaklega til samspilsins við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þ.e. hvernig breytingar á fasteignaskatttekjum og möguleg skerðing samkvæmt hvalrekaákvæði hafa áhrif á framlög og útreikninga í jöfnunarkerfinu. Einnig er skynsamlegt að sýna áhrif á önnur sveitarfélög en orkusveitarfélög þar sem framlög til Jöfnunarsjóðs munu hækka ef hvalrekaákvæðið verður áfram til staðar. Án slíks mats er hvorki unnt að meta raunveruleg heildaráhrif frumvarpsins né tryggja að breytingarnar leiði ekki til ófyrirséðra tekjuskerðinga, tvöfaldrá áhrifa eða neikvæðra hvata fyrir sveitarfélög.

#### **VIII. Lögbundið endurmat á innleiðingu rýmiseigna**

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga telja að upptaka rýmiseigna virðist í grunninn skynsamleg leið til að leysa úr þeirri áskorun að skrá og meta heildstæð mannvirki sem falla illa að hefðbundinni fasteignaskráningu, einkum orkumannvirki. Samtökin telja sérstaklega mikilvægt að ekki sé breytt framkvæmd varðandi skipulagsvald, leyfisveitingar og fleira varðandi orkumannvirki og eru því sáttt við útfærsluna sem lögð er fram í frumvarpinu. Samtökin gera jafnframt ráð fyrir að utan orkumannvirkja verði rýmiseignir almennt fáar í framkvæmd. Engu að síður er um verulega kerfisbreytingu að ræða og því brýnt að innleiðing verði vönduð, samræmd og byggð á skýrum verkferlum.

Til þess að það takist þarf að tryggja Húsnæðis- og mannvirkjastofnun nægilegan stuðning til að þróa og innleiða viðeigandi stafrænar lausnir, ásamt mannafla og fjármagni til að skrá þau orkumannvirki sem þegar eru til staðar í kerfið. Jafnframt þarf stofnunin að hafa raunhæft svigrúm til að leiðbeina sveitarfélögum og vinna í nánu samráði við þau um framkvæmd, gagnaflæði og tímasetningar. Að lokum telja samtökin mikilvægt að kveðið verði á um lögbundið endurmat á innleiðingu og framkvæmd rýmiseigna að tilteknum tíma liðnum, t.d. innan fimm ára, þannig að hægt verði að sníða af vankanta, skýra óljós atriði og tryggja að kerfið þjóni tilgangi sínum í framkvæmd.

### Að lokum

Að lokum fagna Samtök orkusveitarfélaga frumvarpinu og telja brýnt að það verði lagt fram á Alþingi hið fyrsta. Samtökin leggja áherslu á að málið verði unnið hratt en af festu, þannig að endanleg útfærsla verði skýr, gagnsæ og framkvæmanleg, og lýsa þeirri von að afgreiðsla geti klárast á vorþingi.

Samtökin vilja jafnframt þakka fyrir gott samráð og samtal í undirbúningi málsins. Sérstakar þakkir fá starfsfólk ráðuneytisins fyrir upplýsandi stafræn líkön sem hafa gert sveitarfélögum kleift að átta sig betur á forsendum og mögulegum áhrifum frumvarpsins, og ráðherra fyrir kynningarfundum og virka upplýsingagjöf. Samtökin eru, líkt og áður, reiðubúin til áframhaldandi samráðs og beins samtals við ráðuneytið og sveitarfélög til að tryggja vandaða lokaútfærslu og örugga innleiðingu.

Virðingarfyllt  
f.h. stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

---

Ása Valdís Árnadóttir  
Formaður

---

## Frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga

---

From Innviðaráðuneyti <irn@irn.is>

Date Wed 2026-03-11 15:03

Kæru fulltrúar sveitarfélaga og landshlutasamtaka,  
Þann 5. mars sl. mælti innviðaráðherra fyrir frumvarpi til nýrra sveitarstjórnarlaga á Alþingi. Málið er nú til meðferðar hjá umhverfis- og samgöngunefnd, sem óskar eftir umsögnum um efni þess. **Frestur til að skila umsögn um frumvarpið** er 20. mars nk. Innviðaráðuneytið hefur tekið saman fylgigögn til að auðvelda yfirferð og vinnslu málsins. Þau má á vef Alþingis, sjá hér: <https://www.althingi.is/altext/erindi/157/157-1901.pdf>.  
Ráðuneytið hvetur sveitarfélög og landshlutasamtök eindregið til að kynna sér frumvarpið og þær breytingar sem í því felast. Mikilvægt er að sjónarmið ykkar komi fram í umsagnarferlinu hjá nefndinni til að tryggja vandaða endurskoðun laganna.

Fyrir hönd ráðherra



Innviðaráðuneytið / Ministry of Infrastructure

Sólvhólsgrötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8200

[www.irn.is](http://www.irn.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

---

## Til umsagnar 505. mál frá nefnda- og greiningarviði Alþingis

---

From Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>

Date Fri 2026-03-06 10:09

6. mars 2026

Frá nefnda- og greiningarviði Alþingis.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [505. mál – Sveitarstjórnarlög](#)

Umsagnir skal senda í gegnum [umsagnagátt Alþingis](#).

Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 20. mars nk.**

Tekið skal fram að þeim sem fá mál til umsagnar er ekki skylt að bregðast við og ekki þarf að senda sérstaka tilkynningu ef engar athugasemdir eru.

Umsagnir og gögn um þingmálið birtast á vef Alþingis undir **erindi og umsagnir** á síðu viðkomandi þingmáls í samræmi við [starfsreglur fastanefnda](#).

[Leiðbeiningar um ritun umsagna](#) er að finna á vef Alþingis.

Kveðja,



**Sigrún Helga Sigurjónsdóttir**

Sérfræðingur

Nefndadeild

563 0500



*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*

[Fyrirvari/Disclaimer](#)

---

## Til umsagnar 499. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

---

From Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>

Date Thu 2026-03-05 15:02

5. mars 2026

Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [499. mál – varnir gegn sjóflóðum og skriðuföllum og Vegagerðin, framkvæmdastofnun samgöngumála \(markmið nýting eigna, framkvæmdaumsjón\)](#)

Umsagnir skal senda í gegnum [umsagnagátt Alþingis](#).

Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 19. mars nk.**

Tekið skal fram að þeim sem fá mál til umsagnar er ekki skylt að bregðast við og ekki þarf að senda sérstaka tilkynningu ef engar athugasemdir eru.

Umsagnir og gögn um þingmálið birtast á vef Alþingis undir **erindi og umsagnir** á síðu viðkomandi þingmáls í samræmi við [starfsreglur fastanefnda](#).

[Leiðbeiningar um ritun umsagna](#) er að finna á vef Alþingis.

Kveðja,



**Sigrún Helga Sigurjónsdóttir**

Sérfræðingur

Nefndadeild

563 0500



*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*

[Fyrirvari/Disclaimer](#)